



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 11. ágúst 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Ráðning sveitarstjóra

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið. Fyrir fundinum lá ráðningasamningur við Alexöndru Jóhannesdóttur sitjandi sveitarstjóra til samþykktar sem oddviti kynnti fyrir sveitarstjórn. Var samningurinn borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

#### 2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

#### 3. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit 1. janúar – 30. júní 2022

Fyrir fundinum lá rekstrar- og fjárfestingayfirlit frá 1. janúar – 30. júní 2022 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

#### 4. Sala eigna Skagavegur 12

Fyrir fundinum lá undirritað kautilboð í fasteign sveitarfélagsins að Skagavegi 12. Fastanúmer eignar er 213-8983 landnúmer 145604. Sveitarstjórn staðfesti sölu eignar og fól sveitarstjóra að ganga frá sölunni fyrir hönd sveitarfélagsins.



## 5. Grenndarkynning Hólanesvegur 6

Engar athugasemdir komu frá nágrennum við framlagðar teikningar í grenndarkynningunni og samþykkir sveitarstjórn því byggingaráform sem byggjast á þeim. Var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með byggingafulltrúa.

## 6. Skipun í stýrihóp Barnvænna Sveitarfélaga

Hlutverk stýrihóps er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skipar Hrefnu Dögg Þorsteinsdóttur og Péturínu Laufey Jakobsdóttur en gerð er krafa um að tveir fulltrúar úr sveitarstjórn séu skipaðir í stýrihópinn. Sveitarstjóri er umsjónarmaður verkefnisins hjá sveitarfélaginu og fram kom að næstu skref séu að stofna Ungmennaráð sveitarfélagsins og klára skipun í stýrihópinn.

## 7. Verksamningur við Vinnuvélar Símonar vegna fráveitu

Fyrir fundinum lá undirritaður verksamningur við Vinnuvélar Símonar vegna fyrsta áfanga í fráveituframkvæmdum sem sveitarstjórn staðfesti. Framkvæmdir hefjast í lok ágúst 2022 og lýkur í júní 2023.

## 8. Skólamáltíðir 2022-2023

Fram kom að auglýst hafi verið eftir rekstrar- og umsjónaraðilum með skólamötuneyti en engar umsóknir hafi borist sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að auglýsa eftir starfsfólki í skólamötuneyti vegna komandi skólaárs.

## 9. Bréf

### a. SSNV dags. 14. júlí 2022

SSNV áframsendi eftirfarandi bókun að beiðni bæjarstjórnar Vestmannaeyja:

*Bæjarstjórn Vestmannaeyja áréttar að jafnt aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu á að vera grundvallaratriði í samfélagsuppbyggingunni. Sú er hins vegar ekki raunin fyrir fólk á landsbyggðinni í dag. Heilsugæslan á landsbyggðinni er undirmönnuð og aðgengi íbúa að grunnheilbrigðisþjónustu er skert. Það þarf að búa þannig um hnútana að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni geti mannað stöður heilbrigðisstarfsfólks þannig að þær geti veitt þá grunnheilbrigðisþjónustu sem þeim er*



ætlað. Þá liggur fyrir að flestar flóknar aðgerðir eru í dag einungis framkvæmanlegar á Landspítalanum. Það þarf að auka öryggi sjúklinga á landsbyggðinni með því að styrkja og breyta fyrirkomulagi sjúkraflugs m.a. með tilkomu sérhæfðrar sjúkraþyrlu og ákveða þarf staðsetningu flugvallar í Vatnsmýrinni til framtíðar. Þannig tryggjum við að allir landsmenn geti notið þjónustu Landspítalans með fullnægjandi hætti.

Sveitarstjórn tekur undir bókunina.

**b. Aflið samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi dags. 4. ágúst 2022**

Með erindinu er óskað eftir rekstrarstyrk fyrir samtökin Aflið. Sveitarstjórn hafnar erindinu að þessu sinni.

**c. Byggðastofnun dags. 3. ágúst 2022**

Fyrir fundinum lá erindi Byggðastofnunar varðandi fyrirhugaðar breytingar Íslandspósts á Skagaströnd en loka á almennri póstafréiðslu frá og með 1. september. Áréttað er að ekki á að fækka stöðugildum frá Íslandspósti á Skagaströnd. Á Skagaströnd hafa snertifletir Póstins við íbúa verið eftirfarandi:

1. Póstagreiðsluþjónusta / póstkassi
2. Póstbílaþjónusta
3. Bréfberaþjónusta
4. Landspóstþjónusta

Eftir breytingar verða snertifletir eftirfarandi:

1. Póstboxaþjónusta
2. Póstbílaþjónusta
3. Bréfberaþjónusta
4. Póstkassi fyrir bréf og endursöluaðila frímerkja
5. Landspóstþjónusta.



Breytingarnar taka gildi 1. september. Byggðastofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytinganna. Sveitarstjóri lagði fram drög að bókun og var falið að senda hana inn til Byggðastofnunar.

#### 10. Fundargerðir

a. Stjórnar SSNV dags. 1. júlí 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar SSNV dags. 9. ágúst 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. maí 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23. júní 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### 11. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:07

  
Halldór Gunnar Ólafsson

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir



Péturína Laufey Jakobsdóttir



Erla María Lárusdóttir



Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir



Alexandra Jóhannesdóttir

